

Samþykkt um úttekt á vinnuaðstæðum

Sjötta þing KÍ haldið 1.-4. apríl 2014 beinir því til vinnuumhverfisnefndar kjörtímabilið 2014-2018 að útbúa gátlista fyrir félagsmenn til að skoða vinnuaðstæður með það að markmiði að geta gert úrbætur á þeim í **samstarfi við rekstraraðila**.

Greinargerð:

Fráfarandi vinnuumhverfisnefnd telur mikilvægt að aðstoða félagsmenn við að skoða sínar vinnuaðstæður og meta hvort og þá hvað þarfnist lagfæringar til að bæta starfsumhverfi viðkomandi og líðan í starfi. Til dæmis væri hægt að setja saman vinnuhóp sem setti saman gátlista fyrir kennara á hverju skólastigi/skólagerð til að skoða vinnuaðstöðu s.s. aðbúnað og aðgang að fundaraðstöðu, kennslugögnum, síma, tölvu og ljósritun og aðra þætti eins og boðleiðir, upplýsingaflæði, starfslýsingu, umfang verkefna, samskipti, álag, streitu, forvarnir o.fl. Mikilvægt er að gátlistarnir byggi á gildandi lögum og reglugerðum um vinnuaðstæður, lögum viðkomandi skólastigs og kjarasamningum. Einnig skal viðkomandi starfshópur kanna hvaða upplýsingar eru til um vinnuaðstæður kennara á hverju skólastigi/skólagerð og taka mið af þeirri þekkingu við gerð gátlistanna. Úrvinnsla á gátlistum og endurbætur verði í samstarfi við rekstraraðila.

Með þessu væri hægt að vekja athygli kennara á mikilvægi þess að þeir séu meðvitaðir um sínar vinnuaðstæður, geti metið þær og leitað úrlausna.